

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu Svía til Icesave deilunnar


Úrtak: Þjóðarúrtak Svía á aldrinum 18-74 ára

Dagsetning: 23. febrúar 2010

- **9% Svía telja rétt að Íslendingum verði gert að endurgreiða Bretum og Hollendingum að fullu.**
- **55% Svía hafa enga skoðun á mögulegum endurgreiðslum vegna Icesave.**
- **Af þeim Svíum sem hafa skoðun á málinu eru 79% sem telja að Íslendingum beri annaðhvort að endurgreiða Bretum og Hollendingum að hluta til eða alls ekki.**


MMR kannaði afstöðu almennings í Svíþjóð til kröfu Breta og Hollendinga á hendur íslenskum stjórnvöldum vegna Icesave skuldbindinganna. Séu niðurstöðurnar skoðaðar í heild kemur í ljós að 9% Svía töldu rétt að Íslendingum yrði gert að endurgreiða Bretum og Hollendingum að fullu vegna útborgunar yfirvalda í þessum löndum til innistæðueigenda vegna gjaldþrota íslenskra banka. Á hinn bóginn voru 12% sem svöruðu því til að Íslendingar ættu að neita því að endurgreiða Bretum og Hollendingum á meðan 24% töldu að kostnaður vegna útborgana til innistæðueigenda ætti að deilast milli landanna þriggja. Nokkur meirihluti svarenda, eða 55%, sögðust ekki hafa skoðun á málinu.

Afstaða til kröfu Breta og Hollendinga um endurgreiðslu
allir svarendur (n=1004)



Séu niðurstöður skoðaðar eingöngu fyrir þá sem gáfu upp tiltekna afstöðu í málinu (sem voru 45% svarenda) kemur í ljós að 21% þeirra töldu að Íslendingum bæri einum að axla kostnaðinn vegna útborgunar til innistæðueigenda en 79% telja annað hvort að deila beri kostnaðinum milli landanna þriggja (53%) eða þá að Íslendingar eigi að neita að endurgreiða Bretum og Hollendingum (26%).

Afstaða til kröfu Breta og Hollendinga um endurgreiðslu
 þeir sem gáfu upp afstöðu (n=450)



Spurt var (þýðing úr sænsku):

„Bresk og hollensk stjórnvöld hafa krafist íslensk stjórnvöld um endurgreiðslu vegna kostnaðar sem þau hafa orðið fyrir vegna útborgunar til breskra og hollenskra innistæðueigenda í gjaldþrota íslenskum bönkum. Hvað af eftirfarandi lýsir best viðhorfi þínu til þessa málefni?“

Svarmöguleikar voru eftirfarandi:

- Það ætti að láta Íslensk stjórnvöld endurgreiða Bretum og Hollendingum að fullu
- Það ætti að deila kostnaðinum milli landanna þriggja
- Íslensk stjórnvöld ættu að neita að endurgreiða Bretum og Hollendingum.
- Ég hef enga skoðun á þessu málefni
- Vil ekki svara

Samtals tóku 97% afstöðu til spurningarinnar (þ.e. svöruðu öðru til en „vil ekki svara“).

Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Þjóðarúrtak Svía á aldrinum 18-74 ára (kvótastýrt fyrir kyn, aldur og búsetu).

Könnunaraðferð: Netkönnun (póstföngum svarenda aflað fyrirfram).

Fjöldi þátttakenda: 1031 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 11.- 15. febrúar 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.